

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt. dags.	11. ágúst 2017
Málalykill	0.3.0
Mál nr.	1708144



Gunnar Einarsson
Löngumýri 27
210 Garðabær

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögðu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 4. júlí 2017
Tilv.: SRN17060042/4.11.6

Hér með eruð þér skipaðir formaður í starfshóp um stefnumótun í málefnum sveitarfélaga. Hlutverk hópsins er að móta stefnu í málefnum sveitarstjórnarstigsins, með hliðsjón af stefnumörkun ríkisstjórnarinnar, áherslum ráðherra, sem og þeim tillögum, ábendingum og sjónarmiðum sem orðið hafa til við gerð skýrslu um stöðu og framtíð sveitarstjórnarstigsins og endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs. Einnig er rétt að hafa til hliðsjónar stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga sem samþykkt var á landsþingi sambandsins á Akureyri árið 2014.


Við mótun stefnu á starfshópurinn einnig að fara yfir aðrar tillögur sem fram hafa komið á umliðnum árum um eflingu sveitarstjórnarstigsins, svo sem um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga, verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga. Til nánari skýringa vísast til meðfylgjandi verkefnisáætlunar. Miðað er við að starfshópurinn skili ráðherra niðurstöðum sínum í september/október 2017.

Starfshópurinn er þannig skipaður:

Gunnar Einarsson, formaður,
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir,
Steinunn María Sveinsdóttir og
Magnús Karel Hannesson.

Með hópnum starfar Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í ráðuneytinu, ásamt sérfræðingum þess sem kallaðir verða til eftir atvikum. Ráðuneytið greiðir ekki sérstaklega fyrir setu í starfshópnum.

Fyrir hönd ráðherra


Ragnhildur Hjaltadóttir


Ólafur Kr. Hjörleifsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

Verkefnisáætlun

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið		Málsnúmer: SRN17060042	
Skrifstofa:	Skrifstofa sveitarfélaga og réttaráðgjafar einstaklinga		
Heiti verkefnis: Stefnumörkun í sveitarstjórnarmálum			
Dagsetningar		Núverandi staða verkefnis	
Upphaf verkefnis: 09/06/2017 Áætluð lok verkefnis: 30/10/2017 Enda dagsetning * Verkefni lokið 30/11/2017 Dagsetningin hvenær verkefni verður orðið ónothæft / óþarft		☒ Í vinnslu ☐ Í bið ☐ Lokið ☐ Hætt við verkefni	
Markmið og lýsing verkefnis			
Markmið verkefnis			
Móta stefnu í málefnum sveitarstjórnarstigsins með hliðsjón af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, áherslum samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, sem og þeim tillögum, ábendingum og sjónarmiðum sem margvísleg verkefni á vegum ráðuneytisins og annarra aðila hafa sett fram. Samfélagslegt markmið verkefnisins er að styrkja og efla sveitarstjórnarstigið.			
Lýsing verkefnis			
Á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur verið unnið að eftirfarandi verkefnum á sviði sveitarstjórnarmála: • Staða og framtíð sveitarstjórnarstigsins. Markmið verkefnisins er að safna saman upplýsingum og gögnum sem nýtast ráðherra við stefnumörkun í sveitarstjórnarmálum, auk þess að vera fyrsti áfangi í víðtæku samráði um þá stefnumörkun með sveitarstjórnarmönnum og íbúum sveitarfélaga. • Heildarendurskoðun á öllu regluverki Jöfnunarsjóðs. Markmið endurskoðunarinnar er að bæta gæði jöfnunar að teknu tilliti til tekna og útgjaldaþarfa, sem og að einfalda regluverkið í því skyni að auka skýrleika um tilgang og eðli jöfnunar. Ákveðnir áfangar hafa þegar náðst en heildarendurskoðuninni er ekki lokið. Stærri og öflugri sveitarfélög eru betur í stakk búin til að takast á við aukin og flóknari verkefni. Því þarf að skoða leiðir til að efla sveitarfélögin með sameiningu. Megináhersla ráðherra er að það gerist með beinni aðkomu íbúa einstakra sveitarfélaga en sé þörf á róttækari aðgerðum, t.d. með því að setja ákvæði um lágmarks íbúafjölda í sveitarstjórnarlög, verði það tekið til skoðunar. Rétt er einnig að skoða sameiningarkosti í hverjum landshluta og meta ávinning af frekari sameiningu sveitarfélaga á einstökum svæðum. Tryggja þarf að tekjustofnakerfi sveitarfélaga og ekki síst reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þannig að þær styðji við þau sveitarfélög sem vilja sameinast. Þá hefur ráðherra boðað að við stefnumörkun á þessum sviðum verði hugað að hvötum fyrir skilvirkni, hagkvæmni og gæði við rekstur opinberrar þjónustu. Skapa þarf betri skilyrði fyrir nýjungar í opinberri stafsemi og innviðafjárfestingu. Bæði ríki og sveitarfélög standa frammi fyrir ýmsum áskorunum í þeim efnum á sama tíma og það liggur fyrir að skattar og álögur á íbúa verði ekki auknar. Því þarf bæði að nýta opinbert fé betur og eins			

felast margvísleg tækifæri í samfjármögnun og hagnýtingu nýrrar tækni. Þannig er hægt að ná mun meiri skilvirkni, t.d. á sviði opinberrar stjórnsýslu og umbóta í fjarskiptamálum.


Starfshópur um stefnumótun

Í því skyni að undirbúa frekari stefnumörkun hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra ákveðið að setja á fót fjögurra manna starfshóp. Hlutverk hópsins er að útfæra stefnu í málefnum sveitarstjórnarstigsins með hliðsjón af stefnumörkun ríkisstjórnarinnar, áherslum ráðherra, sem og þeim tillögum, ábendingum og sjónarmiðum sem framangreind verkefni leitt í ljós. Einnig er rétt að hafa til hliðsjónar stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga sem samþykkt var á landsþingi sambandsins á Akureyri árið 2014.

Við mótun stefnu fari starfshópurinn einnig yfir aðrar tillögur sem fram hafa komið á umliðnum árum varðandi eflingu sveitarstjórnarstigsins, svo sem um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga, verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og um lágmarks íbúafjölda sveitarfélaga.

Lagt er til að starfshópurinn eigi meðal annars samráð við fulltrúa stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, Jónsmessunefnd, verkefnisstjórn um stöðu og framtíð sveitarstjórnarstigsins og verkefnisstjórn um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og fleiri aðila eftir þörfum.

Fyrirkomulag við mótun stefnu í málefnum sveitarfélaga 2017



Hlutverk í verkefni	Nafn
Verkefniseigandi	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Verkefnisstjóri:	Gunnar Einarsson, bæjarstjóri
Bakhjarl:	Hermann Sæmundsson
Þátttakendur:	Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir
Þátttakendur:	Steinunn María Sveinsdóttir
Þátttakendur:	
Þátttakendur:	
Tímaáætlun, áfangaskipting Starfshópurinn hefur þegar störf og skili ráðherra niðurstöðum sínum í september/október 2017.	
Kostnaðaráætlun	Upphæð
Kostnaðarliður	
	0,00 krónur
	0,00 krónur
Samtals:	0,00 krónur
Aðrar athugasemdir og leiðbeiningar Til hliðsjónar er handbók Stjórnarráðsins varðandi stefnumótun, en sérfræðingur ráðuneytisins á þessu sviði mun vera starfshópnum innan handar https://www.forsaetisraduneyti.is/media/utgefidefni/handbok-stefnumotun.pdf	
Mat við lok verkefnis	